

## Útkomið í A-deild Stjórnartíðindanna.

*Konungleg auglýsing um að konungur sje kominn heim aptur, undirskrifuð af konungi 16. nóvbr. 1896 (A nr. 18, bls. 68–69).*

**Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um synjun konungsstaðfestingar á lagafrumvarpi um breyting á lögum nr. 1, frá 8. janúar 1886.** — Með þóknunlegu brjefi, dagsettu 6. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað lagafrumvarp, er upp hafði verið borið af þingmanna hálfu og samþykkt á alþingi 1895, um breyting á lögum nr. 1, frá 8. janúar 1886, um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Lagafrumvarp þetta er, að undantekinni óverulegri breyting í 1. gr. þess, alveg samhljóða lagafrumvarpi því með sömu fyrirsögn, er samþykkt var á alþingi 1893, en samkvæmt tillögum ráðgjafans fyrir Ísland þóknadist hans hátign konunginum þann 10. nóvbr. 1894 að synja því lagafrumvarpi staðfestingar. Þjer hafið tekið það fram að rök þau, er til þess lágu, að hið síðarnefnda lagafrumvarp eigi hlaut allrahæsta staðfesting, eigi alveg við frumvarp það, sem hjer er umrætt, og hafið auk þess lýst yfir því, að þjer eigi getið álitid hið umrædda frumvarp til þess fallid að verða að lögum.

Af framannefndum ástæðum, sem færðar voru gegn staðfesting umgetins lagafrumvarps 1894, sjá brjef ráðaneytisins frá 10. nóvbr. 1894 (Stjórnartíð. 1894, B. bls. 210), hefir ráðaneytid og hlotid að álíta frumvarpið ófallid til þess að öðlast lagagildi, og því allraþegnsamlegast lagt það til, að frumvarpinu yrði synjað allrahæstrar staðfestingar; hefir hans hátign konunginum þann 27. f. m. allramildilegast þóknast að fallast á tillögu þessa.

Þetta er yður hjermed þjónustusamlega til vitundar gefið til þóknanlegrar leiðbeiningar og til birtingar í B deild Stjórnartíðindanna ásamt áðurnefndu brjefi yðar.

Brjef landshöfðingja.

Alþingi, ersaman kom í ár, hefir eptir löglegan undirbúning samþykkt frumvarp, er borið hafði verið upp af þingmanna hálfu, um breyting á lögum 8. janúar 1886, um hluttöku safnaða í veitingu brauða. Leyfi jeg mjer að senda frumvarp þetta bæði eins og það kom frá þinginu og í danskri þýðingu.

Umgetið lagafrumvarp er samhljóða frumvarpi því með sömu fyrirsögn, sem samþykkt var á alþingi 1893, að þeirri einni breytingu undantekinni, að í stað orðanna: »Þó skal biskup halda eptir umsóknarbrjefum kandidata þeirra og aðstoðarpresta«, til þess að það kæmi ljóslega fram, að ákvæðið ætti við alla umsækjendur, er eigi hefðu áður fengið brauð, og að eins við þá.

Með því að rök þau, er samkvæmt hæstvirtu brjefi ráðaneytisins, dagsettu 10. nóvbr. 1894, lágu til þess, að áðurnefndu lagafrumvarpi alþingis 1893 var synjað allrahæstrar staðfestingar, eiga í fyllsta mæli við frumvarp það, sem hjer er um að ræða, þá get jeg eigi álitid, að það sje til þess fallid að verða að lögum.

31. dag desembermán. 1896.